

Mál nr. 185/2020

M og
V v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bakarofni.**Gögn.**

Málskot, móttækið 26.05.2020.

Bréf V, móttækið 08.06.2020.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 11.06.2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 5. maí 2020 hafi M orðið fyrir tjóni þegar hurð á bakarofni losnaði, féll í gólfíð og eyðilagðist. M krafðist bóta úr húseigendatryggingu sinni en kröfu hans hafi verið hafnað á grundvelli þess að vátryggingin bætti ekki tjón á gleri í heimilistækjum. M hafi ekki fellt sig við það og bent V á að aðeins eitt glerjanna hefði brotnað við það að hurðin losnaði með þeim afleiðingum að karmurinn eyðilagðist, en hins vegar svaraði ekki kostnaði að skipta um einstaka hluti í hurðinni, heldur þyrfti að skipta um hana alla. V hafi enn hafnað kröfu hans en þá á þeim grunni að vátryggingin bætti tjón þegar það stafaði af tilfallandi bilun. Tjón á bakarofni M hefði hins vegar orðið þegar ofnhurðin var opnuð, þ.e. tjónið stafaði af mannavöldum en ekki tilfallandi bilun. M er ósammála þeirri túlkun og telur bótaskyldu fyrir hendi, þar sem tjónið hafi orsakast af því að löm væri slitin, þ.e. tilfallandi bilun. Þá hafi M sérstaklega boðið V að skoða aðstæður en það hafi ekki verið gert.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að fallist hafi verið á bótaskyldu úr vátryggingu M hjá félaginu en að hún næði bara upp að ákveðnu marki. Í bréfi M eru framanreifaðar röksemdir áréttáðar. Vátryggingin bæti í fyrsta lagi, samkvæmt skilmálaákvæði 9.4.5, ekki tjón á gleri í heimilistækjum. Þá sé litið til skilmálaákvæðis 9.5.1 en þar komi fram að vátryggingin bæti tjón af völdum brots þegar innréttingar, loftklæðningar eða aðrir hlutar hússins falla og brotna vegna tilfallandi bilunar. Önnur lömin á hurðinni hafi gefið sig þegar M opnaði ofninn. Það geti ekki talist tilfallandi bilun. Jafnvel þó umrætt atvik yrði talið falla undir það að vera „bilun“ í skilningi skilmálanna verði og að líta til þess að umræddur ofn sé fimmtán ára gamall og því líklegt að tjónið megi rekja til áralangrar notkunar og slits, en að öðru leyti liggi ekkert fyrir um ástand lamarinnar eða ofnsins. Er því bótaskyldu vegna tjóns á ofnhurðinni hafnað.

Álit.

Gögn um umrætt tjón og atvik að baki því eru afar takmörkuð fyrir nefndinni. Verður þó að byggja á því að aðilar séu sammála um að ágreiningur þeirra hverfist um það hvort „tilfallandi bilun“ hafi valdið því að hurðin af bakaraofninum losnaði og féll í gólfíð. Það er M sem ber sönnunarbyrði fyrir því að svo hafi verið. Þar eð hvorki nýtur við nánari lýsingar á umræddri löm eða öðrum íhlutum hurðarinnar, ljósmynda af hurðinni, mats verkstæðis á því hvað hafi orsakað umrætt tjón eða annarra gagna er varpað geti frekara ljósi á atvik málsins er ekki unnt að byggja á því að slík sönnun hafi tekist. Er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna tjóns á ofnhurð úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 26. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.